



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA
Fornleifadeild

Grófargil í Skagafirði

Framkvæmdarannsókn



Margrét Hrönn Hallmundsdóttir

NV nr.8-20

Júní 2020

Forsíðumynd:Ljósmynd af sniði í skurði A.

EFNISYFIRLIT

Grunnupplýsingar.....	4
Tæknileg atriði	5
Útdráttur	5
Forsaga rannsóknar.....	5
Stjónsýsla og fjármögnun	6
Aðrar almennar upplýsingar.....	6
Uppmælingarkerfi	6
Saga Grófargils	7
Aðferðir á vettvangi	8
Lýsing mannvirkja.....	8-10
Könnunarskurður A vegna riðugryfju	11
Túlkun	12
Könnunarskurður B	15
Niðurstaða	16
Jarðlagaskrá (Contextaskrá)	17
Fundaskrá öskuhaugur C#107.....	18
Ljósmyndaskrá	21
Sýnaskrá.....	23
Flæðirit (Harris Matrix).....	23

1. Grunnupplýsingar

Rannsóknarnúmer: 2020005-0139

ÞJMS-númer: 2020-22

Nr. fornleifa úr skráningarskýrslu og tilvísun:

146035-89 – 7

Guðný Zoëga, Bryndís Zoëga. 2004. *Fornleifaskráning vegna aðalskipulags á Langholti, Skagafirði*. Rannsóknarskýrslur Byggðasafns Skagafjarðar. 2004/38. Bls 15.

Stutt lýsing rannsóknar: Rannsóknin fólst í framkvæmdaeftirliti og gerð könnunarskurðar vegna riðuaðgerða.

Tegund rannsóknar Framkvæmdarannsókn

Staðsetning

Grófargil, Langholt, Skagafjörður, Norðvesturland.

GPS hnit

ISN93: A 477887, N 562951

Leyfishafi

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir

Fjöldi starfsmanna: 1 starfsmaður

Loftmyndir: Loftmyndir ehf.

Loftmyndaleyfi: Matvælastofnun



Tæknileg atriði

Útdráttur

Framkvæmdarannsóknin fólst í framkvæmdaefirliti þegar bygging úr timbri, torfi og grjóti var rifin á bænum Grófargili í Skagafirði. Rífa þurfti allt timburverk í húsinu sem og torfveggi vegna hættu á riðusmiti. Húsið var byggt um 1940 á eldri rústum og var notað undir þarfanaut sveitarinnar. Einhvern tímann á sl. áratugum hafði húsið verið styt, að sögn ábúanda. Byrjað var á að rífa allt timburverk og grafa upp mikið magn af mykju, sem hafði safnast upp í húsinu, en smitefni geta leynst í skít. Þá kom í ljós að í húsinu frá 1940 hafði verið gólf hlaðið úr grjóti.

Minjavörður Norðurlands vestra var fenginn á staðinn og ákvað að ekki þyrfti að gera frekari rannsóknir á þessari rúst, þar sem eldri rústir yrðu óhaggaðar undir henni eftir að húsið væri rifið. Allt benti til að grjót úr eldri byggingum hafi verið notað í þessa byggingu en ef enn eldri byggingar eru undir sverði yrðu þær ekki fyrir áhrifum þessara framkvæmda. Rústin var mæld upp og ljósmynduð og henni var lýst. Þegar veggir yngstu byggingarinnar hafa verið fjarlægðir verður um 20 cm jarðvegur takinn af hólnum sem rústin stendur á og grús síðan sett yfir allt.

Einnig þurfti að gera mjög stóra og djúpa gryfju við hlið hólsins, sem rústin stóð á, þar sem riðusmitefni er brennt og urðað. Þar var gerður könnunarskurður, fyrst með traktorsgröfu, til að kanna hvort minjar leyndust á svæðinu þar sem riðugröfin átti að vera tekin.

Forsaga rannsókna

Riðusmit kom upp á bænum Grófargili í Skagafirði snemma vors 2020 og var allt fé fellt í kjölfarið. Matvælastofnun sá um aðgerðir við hreinsun á jörðinni sem felur í sér að fjarlægja þarf allt timburverk og jarðveg, sem mögulega ber í sér riðusmit. Jón Kolbeinn Jónsson, héraðsdýralæknir hjá Matvælastofnun, hafði samband við Guðmund Stefánsson minjavörð Norðurlands vestra og greindi honum frá því að gera þyrfti riðugröf á jörðinni, í gili við hlið fjárhúsanna og óskaði Jón eftir að minjavörður kannaði aðstæður, því Jón hafði tekið eftir því að dældir voru þar nærri, sem mögulega gætu verið fornleifar. Guðmundur skoðaði þá fornleifaskráningarskýrslu sem gerð hafði verið af Byggðasafni Skagafjarðar árið 2004. Þar höfðu fornleifar á jörðinni verið skráðar. Á þessum tímamarki hafði Sædís Gunnarsdóttir, minjavörður Norðurlands eystra, tekið við málinu þar sem Guðmundur var í frí. Óskar Sædís í tölvupósti þann 12. maí 2020 eftir nánari staðsetningu á fyrirhuguðum framkvæmdum frá héraðsdýralækni. Jón svarar henni með tölvupósti sama dag að samkvæmt skýrslu Byggðasafns Skagafjarðar þyrfti að fjarlægja timbur og jarðveg í rúst númer 7 en jafnframt benti hann á að minjar númer 8,31 og 32 í skýrslunni væru þarna nærri en hægt væri að hafa málum þannig að þær yrðu ekki fyrir skemmdum. Jafnframt spurði hann hvort minjavörður gæti komið að Grófargili og kannað aðstæður fimmtudaginn 14. maí. Minjavörður Norðurlands eystra komst ekki á staðinn til að kanna aðstæður. Þann sama dag skrifar hún bréf og greinir frá því að málið hafi verið tekið upp á sviðsfundi minjasviðs. Tekin hafi verið sú ákvörðun að farga mætti tóft númer 7, að því gefnu að rannsakaður yrði aldur hennar og hvort eldri tóftir leynist undir, eins og heimildir bendi til.

Þann 14. maí kom eftirfarandi formlegur úrskurður frá Minjastofnun Íslands: „*Minjastofnun Íslands heimilar að tóft nr. 7 við kofann verði raskað, ef hætta er talin þar á að riðusmitsefni sé þar í jarðveginum, að undangenginni rannsókn. Rannsaka þarf tóftina til að komast að aldri hennar og hlutverki, auk þess til að ganga úr skugga um hvort undir henni leynist eldri mannvistarlæg. Niðurstöður slíkra rannsókna kunna að leiða til þess að ráðast þurfi í frekari rannsóknir. Verkið þarf að vinna af hæfum fornleifafræðingi í samráði við Minjastofnun Íslands. Kostnaður vegna slíkra rannsókna greiðist af framkvæmdaraðila skv. 28. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012*“.¹

Þann 20. maí hafði Jón Kolbeinn samband við fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða og óskaði eftir að hún kæmi að þessum rannsóknnum, sem Minjastofnun hafði úrskurðað um að framkvæma þyrfti.

Tvær fornleifarannsóknir hafa áður farið fram á bænum Grófgili í Skagafirði. Árið 2004 var jörðin skráð af Byggðasafni Skagafjarðar og kom sú rannsókn út í skýrslunni *Fornleifaskráning vegna aðalskipulags á Langholti, Skagafirði, Grófgili, Brautarholti, Stóru-Seylu, Torfgarði, Ytra-Skörðugili I og II, Halldórsstöðum, Jaðri og Páfastöðum*, sem gefin var út í desember 2004. Í þeirri rannsókn voru 44 minjar skráðar á jörðinni. Í greininni *The Viking Age settlement pattern of Langholt, North Iceland: Results of the Skagafjörður Archaeological Settlement Survey* sem birt var í tímaritinu *Journal of Field Archaeology*, eftir fornleifafræðingana John M. Steinberg, Douglas J. Bolender & Brian N. Damiata, er fjallað um rannsókn þeirra félagar á búsetuþróun á Langholti í Skagafirði. Rannsóknin er gerð með borkjarnarannsókn og könnunarholum. Sýni var tekið á bæjarhólnum gamla og kom í ljós við geislakolsmælingar, sem og gjóskulagarannsókn, að búseta þar hafi hafist eftir árið 1000.²

Stjórnsýsla og fjármögnun

Kostnaðaráætlun fyrir verkið var gerð og send til Matvælastofnunar sem sendi hana til ráðuneytis, þar sem hún var samþykkt. Kostnaður af rannsókninni greiðist af ráðuneytinu.

Aðrar almennar upplýsingar

Rannsóknin fór fram dagana 4.–5. júní 2020 og var framkvæmd af Margréti Hrönn Hallmundsdóttur. Við niðurrif tóftar var notast við JCB traktorsgröfu með bakkó sem og við gerð könnunarskurðar. Haraldur Stefánsson frá Brautarholti var á gröfunni og fær þakkir fyrir samstarfið. Gott veður var báða dagana, hlýtt og skýjað með síðdegisskúrum. Ábúendur á Grófgili fá einnig góðar þakkir fyrir upplýsingagjöf og áhuga á rannsóknunum.

Uppmælingarkerfi

Rúst var mæld upp með Trimble Juno 5 uppmælingarkerfi, sem er með um 10 cm skekkju og notast var við Ísnet93 hnitakerfið.

¹ 14. maí 2020 MÍ202005-0024/ 6.10 / S.G.

² John M. Steinberg, Douglas J. Bolender & Brian N. Damiata (2016) The Viking Age settlement pattern of Langholt, North Iceland: Results of the Skagafjörður Archaeological Settlement Survey, *Journal of Field Archaeology*, 41:4, 389-412,

Saga Grófargils

Grófargil eða Grafargil var upphaflega hluti af landi Seylu en varð líklega sjálfstæð jörð á 15. öld. Jarðarinnar er fyrst getið í bréfi frá 1509 þegar Gottskálf Nikulásson biskup lét Seylu með Grafargili, ásamt fleiri jörðum, í heimanmund dóttur sinnar. Jarðirnar fylgdust að þar til Grófargil var selt Birni Benediktssyni sýslumanni á Munkaþverá um 1610³ Eitt eða tvö fornbyli eru í landi Grófargils. Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* er sagt frá eyðibýlinu Melagerði: „*Melagerde heitir hjer i landinu umgirt. Þar hefur stekkur frá heimaörðunni verið langvarandi. Ekki byggt í nokkra minni. Líkast verið hafi þrælsgerði*“⁴.

Í Sýslu- og sóknarlýsingum frá 1843 er Melagerðis getið sem eyðibýlis. Þar er þess getið að hugsanlega hafi það ásamt fleirum farið í eyði eftir Svartadauða 1402⁵. Í örnefnaskrá er haft eftir Birnu Jónsdóttur að fornt býli hafi verið syðst í Neðraengi, kallað Sandgerði. Þar segir að enn sjái fyrir túngarði og bæjartóftum⁶. Engar aðrar heimildir geta býlis á þessum stað. Í Byggðasögu Skagafjarðar er nefnt að einungis ein tóft sé þar greinileg og telur höfundur að hugsanlega hafi þar verið stekkur einhvern tímann. Enginn túngarður er sýnilegur en bent er á að tóftir gætu hafa horfið undir vegslóða, sem er ofan við tóftina⁷. Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* er jörðin talin 20 hundruð að dýrleika.

Hún er einnig talin 20 hundruð að dýrleika í *Jarðatali Johnsens* frá 1847⁸. Meðfram Húseyjarkvísl eru flatir og þurrir bakkar, þar er nokkurt tún. Þar vestan af rís ás frá Reykjarhól og norður í land Brautarholts. Á honum stendur Grófargilsrétt. Vestan ássins voru mýrar en þar eru nú tún. Norður undir Reykjarhóli eru tún en svo mýrar og melur vestur að ánni. Vestan ár tekur við gamla túnið og upp af því eru lítt grónir melhólar. Upp af þeim taka við mýrarsund upp í Langholtsásinn. Á ásnum eru holt og melar ríkjandi. Þegar nær dregur Sæmundará skiptast á melar og mýrarflákar en grýttir hólar eru niður við ána. Grófargil nefnist djúpt gil sem sker sundur túnið, í því rennur Grófargilslækur í Grófargilsá, sem áður hét Víðimýrará. Túnið norðan lækjar kallaðist Gerði og stendur íbúðarhúsið neðst í því. Túngarður var utan um túnið og sjást enn merki hans. Aðalengi jarðarinnar var Efraengi, þar sem þjóðvegurinn liggur nú. Þar austan við var Neðraengi, sem nær niður að Húseyjarkvísl. Hlunnindi af jörðinni eru lax- og silungsveiði, bæði í Húseyjarkvísl og Sæmundará⁹.

³Íslenzkt fornbréfasafn VIII. 1261-1521. Reykjavík, 1906-1913: 282;

⁴ Árni Magnússon, Páll Vídalín 1930: 90.

⁵ Sýslu og sóknarlýsingar 1954: 65.

⁶ Örnefnaskrá fyrir Grófargil,6.

⁷ Hjalti Pálsson 2001: 319

⁸ J. Johnsen: Jarðatal á Íslandi. Kmh. 1847: 258.

⁹ Hjalti Pálsson.2001: 316-7.

Aðferðir á vettvangi

Við rannsóknina er notuð single-context aðferðafræði þar sem hver eining er grafinn upp í öfugri tímaröð og skráð, teiknuð og ljósmynduð. Þessi aðferðafræði hefur reynst mjög vel á Íslandi og er kennd sem aðferðafræði við uppgrefti í Háskóla Íslands. Grafa var notuð til að taka könnunarskurðinn og var breidd á skóflu 1 m. Skurðurinn var alls 40 m á lengd en mannvist kom fram í fyrstu 7 m.

Sama traktorsgrafa var notuð til þess að rífa útihúsið og moka mykju upp úr tóftinni.

Gripir eru skráðir í *Sarp*, gagnagrunn Þjóðminjasafnsins. Allir gripir voru varðveittir og staðsetning flestra merkt inn á teikningar. Öll bein og allir gripir í öskuhaug voru varðveittir. Allar teikningar voru handteiknaðar á teikniplast í hlutföllum 1/20.

Breytingar urðu á rannsóknaráætlun og var hún gerð í samráði við minjavörð Norðvesturlands, sem var á svæðinu. Ekki þótti ástæða til að grafa frekar undir rústinni, þar sem niðurrif á kofanum (og var byggður á milli 1940-1950) skemmdi ekki mannvistarlög undir. Ástæða þess var að gólf var steinlagt og því engin hætta á frekari skemmdum á því sem undir gæti leynst. Veggir síðustu tóftar sem eru úr torfi verða fjarlægðir vegna smithættu. Svæðinu verður svo lokað með grús þannig að eldri byggingar munu varðveitast. Öll ummerki bentu til þess að grjót hafi verið endurnýtt í síðasta húsið sem byggt var.


Lýsing mannvirkja

Rústin, sem sótt var um leyfi til að fjarlægja, var skráð árið 2004 af Byggðasafni Skagafjarðar. Rústin er 7 m á lengd og 6 m á breidd og aftan við hana hefur verið heytóft. Í örnefaskrá segir um húsið: „Upp af

hesthúsinu, ofarlega á Gerðinu, voru gamlar húsarústir. Eiríkur Sigmundsson, sem eitt sinn var bóndi á Grófgili byggði nautakofa á þeim rústum. Kynbótanaut hreppsins var á tímabili haft í þessum kofa. Nú hanga uppi torfhús á þessum stað“¹⁰

¹⁰ Örnefnaskrá fyrir Grófgil, Kristján Eiríksson skráði (Heimildamaður BirnaJónsdóttir). Örnefnastofnun Íslands.

Um 15 metra vestur af núverandi fjárhúsi og hlöðu stendur annað minna útihús úr timbri og bárujárni, 4x7 metrar að utanmáli. Vestan þess er tóft, 7x6 metrar að utanmáli, og er líklega hlaða eða heytóft. Hún er mjög stæðileg og vel gróin. Hún er alveg opin til norðurs og þegar skráning fór fram var í henni timbur og fleira. Hæð veggja er um 1 metri og hún liggur norður/suður.¹¹ Rústin hafði ekkert breyst síðan þessi skráning fór fram.



Teikning 1. Teikning af rústinni úr skráningarskýrslu frá 2004.




Mynd 1. Kofinn fyrir niðurrif.

¹¹ Guðný Zoëga, Bryndís Zoëga. 2004:17



Mynd 2. Mikið magn af mykju var mokað upp úr rústinni.

Fyrst var mykju mokað upp úr rústinni en mjög þykkt lag var á henni. Þá kom í ljós steinlagt gólf og veggir sem hlaðnir voru út grjóti neðst og torfi efst. Veggirnir voru um 1,5 m á hæð þegar skíturinn var farin úr rústinni. Steinlagða gólfið var látið vera og verður rústin fyllt af grús þannig að neðri hluti veggja varðveitist en efri hluti, þeir sem að mestu eru gerðir úr torfi, verða fjarlægðir vegna smithættu. Ef minjar um eldri byggingar eru enn til



Teikning 2. Innmæling á rústinni.



Mynd 3. Rústin eftir að mýkja hafði verið mokað upp. Rústin verður svo fyllt af grús.

staðar er þeim engin hættu búin við þessar aðgerðir. Ekki þótti ástæða til þess að aðhafast frekar vegna þessa og var sú niðurstaða fengin með minjaverði Norðvesturlands, sem var á svæðinu.

Könnunarskurður A vegna riðugryfju

Í gili, sem bærinn er kenndur við og heitir Grófargil, rennur lækur. Gilið er djúpt og var fyrirhugað að gera þar gryfju stóra. Fyrirhugað er að fjarlægja mikið magn að jarðvegi (skít) við fjárhúsin og umhverfi þeirra. Einnig þar að koma fyrir timbri sem brennt verður í gryfjunni. Héraðsdýralæknir, Jón Kolbeinn Jónsson, sem stjórnar aðgerðum fyrir hönd Matvælastofnunar, sagði til um hvar gryfjan átti að vera staðsett í giliinu og var gerður könnunarskurður á því svæði með traktorsgröfu til að kanna hvort minjar væru þar undir sverði. Var þetta gert þar sem nokkur minjanúmer höfðu verið skráð þar nærri. Það voru minjanúmerin 146035-89 – **31** og 146035-89 – **32** sem eru dældir í túninu sem mögulega eru rústir. Einnig var skráður garður ofan við gilið sem er mjög greinilegur og stendur ofan við könnunarskurðinn efst á brekkubrún, hann var með minjanúmerið 146035-89 – **8**.

Könnunarskurðurinn var í brekkunni neðan við túngarðinn og til hliðar við dældirnar(146035-89 – **31**, 146035-89 – **32**). Strax og fyrsti uppmoksturinn var tekinn kom í ljós mannvistarlag. Náði það um 7 m niður brekkuna og síðan var ekkert meira sjáanlegt í skurðinum, sem alls var um 50 m langur. Ákveðið var að færa gryfjuna neðar til þess að öskuhaugurinn sem var í brekkunni skemmdist ekki. Gryfjan var svo tekin töluvert frá öskuhaugnum og ekki var vottur af mannvistarlögum næst öskuhaugnum né annars staðar. Ákveðið var í samráði við minjavörð að grafa upp lagið sem kom fram í skurðinum. Er einingum lýst frá sniði.




Mynd 4. Öskuhaugurinn eins og hann kom frá í könnunarskurðinum.



Mynd 5. Snið í skurði A. Hvíta gjóskan er H 1194 og ruslalagið er neðst.

Efst var grasrót [101] og undir henni var mjög ormétið ljósbrúnt lag [102] sem var um það bil 30-40 cm þykkt. Þá kom gjóskulag [103] sem er Hekla 1104 (eða H1) lagið, sem finnst um allan Skagafjörð og er mjög afgerandi og auðþekkjanlegt¹². Lagið er hvítt og um 1 cm á þykkt og var á um það bil 30-35 cm dýpi.

Undir því var áfokslag [104] sem var um 3-5 cm á breidd. Þá mátti greina gjóskulag [105] sem var brúngrænt á lit og frekar þunnt á köflum en þó greinilegt. Tveir fornleifafræðingar sem starfa í Skagafirði telja að þarna sé um að ræða gjóskulag, sem kallað var 1000 lagið og kom úr eldgosu í Vatnajökli. Nýlega hefur það verið fært aftur til ársins 980. Þá tók við annað áfok sem gjóskan



Teikning 3. Teikning af sniði í skurði A.

féll á og er nær eins og [104] og var það um 3 cm á þykkt. Þá byrjaði mannvistarlagið [107] sem var ruslalagið. Ruslalagið var um 10-15 cm á þykkt. Mikil kolaaska var í laginu, kolsvört og á sumum stöðum grá aska. Nokkuð var af brenndum beinum í laginu en þó mun meira af óbrenndum beinaleifum, en varðveisla þeirra var mjög góð. Áberandi magn af eldsprungunum steinum var í laginu, auk nokkurra gripa. Þegar lagið hafði verið fjarlægð kom í ljós gul gjóska sem er H3, sem er þykkt forsögulegt gjóskulag úr Heklu frá því um 950 f.kr. Hnit skurðarins eru í norðurenda skurðs, N477882,A477882, og í norðausturenda, N 477925,A562956.

Túlkun


Ljóst er að ruslalagið hefur myndast töluvert áður en gosið í Vatnajökli hófst árið 980 því ofan á rusluginu nær að safnast áfokslag áður en gjóskan fellur. Líður því greinilega töluverður tími þar á milli. Öskuhaugar voru sjaldnast mjög fjarri bæjarhúsum og tala fornleifafræðingar um að á meðaltali sé ekki mikið lengra en 20 m frá bæjarhúsum að öskuhaugum. Mjög algengt er að þeir finnist í brekkum neðan við bæi, sé þeim að skipta. Sterkar líkur verður að telja að bæjarhúsin, sem öskuhaugurinn tilheyrir, hafi staðið efst á hæðinni og rusli hafi verið hent niður í gilið. Þar sem líklegt er að bærinn hafi staðið er í dag sléttuð tún. Nokkrir borkjarnar voru teknir til að kanna hvort merki um landnámsbæinn fyndust en H3 (950 f.kr.) var efst, sem bendir til að allt ofan við þá gjósku hafi horfið við túnasléttun. Samt er ekki hægt að fullyrða það með nokkrum borkjörnum. Ruslalagið tilheyrir bæjarstæði sem er frá landnámsöld, miðað við jarðlagasamhengið og gjóskulögin. Þetta er ný vitneskja því gamla bæjarstæði Grófgargils er hinum megin við gilið og lækinn. Fornleifafræðingarnir Dr. John Steinberg og Dr. Douglas J. Bolender

¹² (Thórarinnsson 1967; Eiriksson et al.

Figure 2 Tephra sequence with the radiocarbon calibration curve (from Reimer et al. 2009). Steinberg et al. The Viking Age settlement pattern of Langholt, North Iceland Journal of Field Archaeology 2016 VOL. 41 NO. 4 3932000)

frá University of Massachusetts Boston gerðu rannsóknir í Skagafirði, sem nefnast *Skagafjörður Archaeological Settlement Survey*. Gerðu þeir rannsókn á Langholtsbæjum fyrir nokkrum árum. Grófgil var þeirra á meðal og var rannsóknin gerð á gamla bæjarstæðinu. Þar benti rannsókn á öskuhaug til þess að búseta hafi byrjað þar milli 1000 og 1104. Sýni var einnig sent í aldursgreiningu frá Grófgili og reyndist aldursgreiningin á því vera 982 ± 45^{13} . Líklegt er að bærinn hafi verið færður yfir gilið og ána í kringum árið 1000. Samhengi mannvistarlaga, gjóskulaga og gripa benda til þess að öskuhaugurinn, sem kom fram í brekkunni á Grófgili, sé frá landnámsöld en töluvert fyrir árið 980 er hætt að henda rusli á þessum stað. Það er ekki hægt að fullyrða að búseta hafi þá hætt á þessum stað og verð færð yfir ána en það passar við aldursgreiningarnar, sem gerðar voru þar. Möguleikinn er líka sá að ruslalögum hafi verið hent annars staðar, eða lent annars staðar í brekkunni síðar. Frekari rannsókna er þörf eigi að svara þeim spurningum með vissu.

Gripirnir sem fundust voru dæmigerðir fyrir þá sem finnast í öskuhaugum frá landnámsöld. Merkilegt var hversu mikið magn af eldsprungnum steinum fannst í laginu. Mögulega hefur matur verið eldaður í eldunarholum eða steinarnir notaðir í jarðhýsi en algengt er að þeir finnast í og við jarðhýsi. Steinunum, sem sjást á Mynd 6, var safnað saman á 2 m kafla í skurðinum og lagið var aðeins um 10-15 cm á þykkt og sést því hversu gríðarlega mikið magn var af þessum steinum í ruslalagi. Þetta grjót er ekki náttúrulegt og jarðvegur ofan og neðan er alveg grjótlaus. Allir steinarnir voru eldsprungnir og sótugir. Nokkuð mikið magn fannst af vel varðveittum dýrabeinum í öskuhaugunum. Stærstur hluti þeirra virðist vera af nautgripum og sauðfé. Áberandi var skortur á fugla og fiskibeinum. Eitt bein fannst úr þorski. Á mörgum beinum voru hnífsmerki.



GRÓFGIL

Teikning 4. Mynd úr SASS rannsókninni sem sýnir hvar borkjarnar voru teknir á Grófgili. Svörtu punktarnir sýna hvar öskuhaugur var undir 1104 laginu



Mynd 6. Eldsprungnir steinar frá 2 m kafla í skurðinum

¹³John M. Steinberg, Douglas J. Bolender & Brian N. Damiata (2016) The Viking Age settlement pattern of Langholt, North Iceland: Results of the Skagafjörður Archaeological Settlement Survey, *Journal of Field Archaeology*, 41:4, 389-412, DOI: 10.1080/00934690.2016.1203210




Mynd 7. Öll dýrabein voru hirt úr laginu.



Teikning 5. Myndin sýnir könnunarskurðinn en öskuhaugurinn var aðeins í 7 m af 50 m

Könnunarskurður B

Gerður var könnunarskurður í meinta útihústóft og var hann staðsettur 4 m suður af könnunarskurði A. Þessi dæld hafði verið skráð ásamt annarri þar rétt hjá af Byggðasafni Skagafjarðar sem mögulegar tóftir af útihúsum. Gerður var könnunarskurður í tóft sem var með skráningarnúmerið 146035-89 – **32**. Engin merki voru um að þetta hafi verið bygging. Strax var komið niður á H3 undir grassverði. Ekki verður fullyrt hvort sama gildir um 146035-89 – **31**. En hún er ekki í hættu vegna framkvæmda við riðugröfina. Hnit á könnunarskuði B er N477898,A562930.



Teikning 6. Teikningin sýnir hvað könnunarskurður B var staðsettur.

Niðurstöður

Ekki er talið að minjar undir 146035-89 – 8 (útihúsi) sé í hættu af þeim aðgerðum, sem þurfa að fara fram vegna riðusmits á Grófargili. Eldri minjar verða óraskaðar þótt kofinn frá fyrrihluta 20. aldar verði rifinn. Ekki þótti því ástæða til að grafa dýpra eða meira á því svæði, því það hefði aðeins raskað minjum sem undir eru. Líklegt er þó að hluti þeirra hafi verið notaður til að endurbyggja nautahúsið, að minnsta kosti grjótið.




Hinn óvænti fundur á landnámsminjum á Grófargili var ánægjuleg viðbót við rannsóknir í Skagafirði og sögu jarðarinnar Grófargils. Riðugröfin var gerð nokkuð frá þeim stað sem ruslalög enduðu í skurðinum. Svæðið í kringum útihús og kofann sem var rifinn verða hreinsuð með því að ýta um 20 cm lagi af skít ofan í riðugröfina.

Jarðlagaskrá (Contextaskrá)


Context	Gerð	Dagsetning	Skrásetjari	Lýsing
101	Grasrót	2.6.2020	MHH	Grasrót. 10 cm
102	Yfirborðslag	2.6.2020	MHH	Yfirborðslag, ljósbrúnt 20 cm á þykkt og mjög ormétið og laust í sér. Maðkar hafa dregið [103] gjósku um yfirborðslagið.
103	Gjóska	2.6.2020	MHH	Hvít gjóska úr Heklu 1104 um 1 cm á þykkt
104	Áfokslag	2.6.2020	MHH	Brúnt áfokslag. Um 5-6 cm á þykkt
105	Gjóska	2.6.2020	MHH	Gjóska sem greind hefur verið úr gosi í Vatnajökli um 980. Áður var þessi gjóska nefnd 1000 lagið. Er dökkbrún/græn og mjög þunn en greinileg á mörgum stöðum.
106	Áfokslag	2.6.2020	MHH	Þunnt áfokslag, svipar mjög til [104]
107	Mannvistarlag	2.6.2020	MHH	Ruslslag um 10 cm á þykkt í laginu er mikið af kolum og nokkuð af brenndum beinum og mikið af óbrenndum beinum með hnífsmörkum. Mjög mikið af eldsprungnum steinum var í rusluginu og nokkrir gripir.

Context	Gerð	Dagsetning	Skrásetjari	Lýsing
108	Gjóska	2.6.2020	MHH	Ruslalagið var beint ofan á H3 úr Heklu, það er ljósgult og mjög fínt lag

Fundaskrá öskuhaugur C#107

Fundanr.	Context	Hlutverk	Efni	Dagsetning	St	Lýsing
1	107	Snældusnúður	Steinn	2.6.2020	MHH	Brot úr snældusnúð úr bleikum steini 
2	107	Járnlöm?	Járn	2.6.2020	MHH	Járnstykki, líklega hurðarlöm 
3	107	Hnífur	Járn	2.6.2020	MHH	Líklega skaft af hníf 
4	107	Snældusnúður	Steinn	2.6.2020	MHH	Brot úr litlum snældusnúð úr rauðum steini

						
5	107	Óþekkt	Járn	2.6.2020	MHH	Tvær járnþynnur 
6	107	Hnífur	Járn	2.6.2020	MHH	Lítill járnhnífur, oddur brotin af 
7	107	Öngull	Járn	2.6.2020	MHH	Tveir járnhlutir, annar með boga mögulega öngull 
8	107	Gjall	Járngjall	2.6.2020	MHH	Gjallmoli 

9	107	Steinar úr eldstæði	Steinar	2.6.2020	MHH	Harðir hvítir steinar sem finnast gjarnan í eldstæðum 
---	-----	---------------------	---------	----------	-----	--

Ljósmyndaskrá

Nr.	Mynd nr.	Stefna	Skrásetjari	Dagsetning	Lýsing
1	095943		MHH	02.06.2020	Fjánhúsið fyrir niðurrif
2	095958		MHH	02.06.2020	GZ skoðar í skurð A
3	100030		MHH	02.06.2020	Endi á skurði á gjóskulög sýnileg
4	100039		MHH	02.06.2020	Niðurrif á fjárhúsi hefst
5	100031		MHH	02.06.2020	Hlaða aftan við fjárhúsið
6	104504		MHH	02.06.2020	Hreinsun upp úr rúst
7	104506		MHH	02.06.2020	Mýkja grafin upp úr rúst
8	111040		MHH	02.06.2020	Rúst eftir að mýkja hefur verið fjárlægð
9	111132		MHH	02.06.2020	Rúst eftir að mýkja hefur verið fjárlægð
10	111135		MHH	02.06.2020	Rúst eftir að mýkja hefur verið fjárlægð
11	111145		MHH	02.06.2020	Ábúendur, Minjavörður NV og GZ
12	112944		MHH	02.06.2020	GZ tekur borkjarnasýni
13	114501		MHH	02.06.2020	Gröfur
14	130622		MHH	02.06.2020	Lag [107] í skurði A
15	130628		MHH	02.06.2020	Sýni af dýrabeinum úr [107]
16	130636		MHH	02.06.2020	Lag [107]
17	130643		MHH	02.06.2020	Skurður áður en [107] var fjárlægt
18	131937		MHH	02.06.2020	Lag [107]
19	134724		MHH	02.06.2020	Riðugröf grafin
20	134727		MHH	02.06.2020	Riðugröf grafin
21	134728		MHH	02.06.2020	Riðugröf grafin

Nr.	Mynd nr.	Stefna	Skrásetjari	Dagsetning	Lýsing
22	134745		MHH	02.06.2020	Skurður A áður en [107] var grafið
23	134756		MHH	02.06.2020	Skurður A áður en [107] var grafið
24	135230		MHH	02.06.2020	Snið í skurði
25	135233		MHH	02.06.2020	Snið í skurði
26	135239		MHH	02.06.2020	Snið í skurði með mælikvarða
27	135605		MHH	02.06.2020	Snið í skurði með mælikvarða
28	135608		MHH	02.06.2020	Snið í skurði með mælikvarða
29	135611		MHH	02.06.2020	Snið í skurði með mælikvarða
30	135623		MHH	02.06.2020	Snið í skurði með mælikvarða
31	135635		MHH	02.06.2020	Snið í skurði með mælikvarða
32	143449		MHH	02.06.2020	[107] plani
33	143501		MHH	02.06.2020	Skurður A áður en hann [107] var grafið
34	144118		MHH	02.06.2020	Riðugröf
35	082823		MHH	03.06.2020	Rúst eftir að mýkja var hreinsuð
36	103502		MHH	03.06.2020	Fornleifafræðingur í skurði
37	145558		MHH	03.06.2020	Eldsprungnir steinar
38	154401		MHH	03.06.2020	Eldsprungnir steinar
39	154404		MHH	03.06.2020	Eldsprungnir steinar
40	154406		MHH	03.06.2020	Eldsprungnir steinar
41	154454		MHH	03.06.2020	Snið þar sem gjóska sést vel.
42	154456		MHH	03.06.2020	Snið þar sem gjóska sést vel.
43	154502		MHH	03.06.2020	Snið þar sem gjóska sést vel.
44	154551		MHH	03.06.2020	Snið þar sem gjóska sést vel.

Nr.	Mynd nr.	Stefna	Skrásetjari	Dagsetning	Lýsing
45	154558		MHH	03.06.2020	Snið þar sem gjóska sést vel.
46	154600		MHH	03.06.2020	Snið þar sem gjóska sést vel.
47	154607		MHH	03.06.2020	Snið þar sem gjóska sést vel.
48	154642		MHH	03.06.2020	Skurður A eftir að [107]var hreinsað
49	154657		MHH	03.06.2020	Skurður A eftir að [107]var hreinsað
50	154754		MHH	03.06.2020	Ruslag[107] S prófíl
51	154755		MHH	03.06.2020	Ruslag[107] S prófíl
52	154829		MHH	03.06.2020	Ruslag[107] S prófíl
53	154855		MHH	03.06.2020	S prófíll eftir að [107] var hreinsað
54	154856		MHH	03.06.2020	S prófíll eftir að [107] var hreinsað
55	155453		MHH	03.06.2020	Skurður A mannvist hreinsuð [107]
56	155723		MHH	03.06.2020	Skurður A mannvist hreinsuð [107]
57	155729		MHH	03.06.2020	Tekið upp brekkuna þar sem skurður byrjaði
58	155731		MHH	03.06.2020	Tekið upp brekkuna þar sem skurður byrjaði

Sýnaskrá

Sýnanr.	Context	Gerð	Dagsetning	Skrásetjari	Lýsing
1	107	Bein	03.06.2020	MHH	Poki af óbrenndum velvarðveittum dýrabeinum úr laginu [107]

Flæðirit (Harris Matrix)



Heimildarskrá

Guðný Zoëga, Bryndís Zoëga. 2004. *Fornleifaskráning vegna aðalskipulags á Langholti, Skagafirði*. Rannsóknarskýrslur Byggðasafns Skagafjarðar.2004/38.

Hjalti Pálsson. Byggðasaga Skagafjarðar, II. Bindi. Akureyri, 2001.

Íslenskt fornbréfasafn VII, 1170-1505. Reykjavík 1903-1907.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (9. bindi). Hið Íslenska Fræðafjelag í Kaupmannahöfn, 1930.

J. Johnsen: Jarðatal á Íslandi. Kmh. 1847.

John M. Steinberg, Douglas J. Bolender & Brian N. Damiata (2016) The Viking Age settlement pattern of Langholt, North Iceland: Results of the Skagafjörður Archaeological Settlement Survey, *Journal of Field Archaeology*, 41:4, 389-412,

Sýslu og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873 II Skagafjarðarsýsla. Akureyri 1954.

Örnefnaskrá fyrir Grófargil, Kristján Eiríksson skráði (Heimildamaður Birna Jónsdóttir). Örnefnastofnun Íslands.

Bréf Minjastonunar. 14. maí 2020 MÍ202005-0024/ 6.10 / S.G.